




## Sköllótti frændi Plútós



Makemake, dvergreikistjarna í sólkerfinu okkar, virðist ekki hafa neinn lofthjúp; hann er sköllóttur! Það þýðir að hann getur ekki haldið í þá fáu sólargeisla sem honum berast svo langt frá sólinni en hann er enn lengra frá henni en frændi hans Plútó.

Fáein ár eru síðan Plútó var talin fjarlægasta reikistjarnan eða allt þar til hann var lækkaður í tign og skilgreindur sem dvergreikistjarna eins og Makemake. Dvergreikistjörnur eru of litlar til að vera skilgreindar sem reikistjörnur en eru engu að síður kúlulaga eins og reikistjörnur og stærri en smástirnir. Við vitum óskaplega lítið um nálægari dvergreikistjörnur og næstum ekki neitt um Makemake. Til að geta rannsakað þennan fjarlæga hnött í smáatriðum urðu stjörnufræðingar að biða þess að hann gengi fyrir stjörnu. Þeir biðu og biðu og eftir nokkra hríð bar þolinmæðin loks ávöxt.

Ef Makemake hefði lofthjúp myndi stjarnan dofna hægt og rólega þegar dvergreikistjarnan færi fyrir hana. Á sama hátt dofnar sólin hægt og rólega þegar hún sígur undir sjöndeildarhringinn frá jörðu séð. Í tilviki Makemake hvarf stjarnan skyndilega og birtist aftur skyndilega um einni mínútu síðar. Ljós stjörnunnar dofnaði aldrei smám saman. Það segir okkur að Makemake hefur ekki lofthjúp og hlýtur því að vera kaldari en menn bjuggust við, jafnvel kaldari en Plútó!

## COOL FACT

Fyrir utan Makemake eru fjórar aðrar dvergreikistjörnur í sólkerfinu: Plútó, Ceres, Hámea og Eris.

